

62

15. okt.

AUGLÝSING

um breytingu á stofnskrá Evrópuráðsins.

Hinn 4. maí 1953 gekk í gildi eftirfarandi breyting á stofnskrá Evrópuráðsins:

Eftirfarandi tvær málsgreinar skulu koma til viðbótar við a-lið 25. greinar stofnskrár Evrópuráðsins:

Umboð fulltrúa þeirra, sem þannig eru tilnefndir, skal gilda frá setningu fyrsta reglulegs þings, eftir að þeir hafa verið tilnefndir, og ljúka við setningu næsta reglulegs þings, eða setningu síðara reglulegs þings. Þó skal þáttökuríki heimilt að tilnefna nýja fulltrúa, hafi þingkosningar í hlutaðeigandi landi farið fram á tímabilinu.

Nú tilnefnir þáttökuríki fulltrúa vegna þess að fulltrúi hefur látizt eða sagt af sér eða tilnefnir fulltrúa að nýju vegna undangenginna þingkosninga og skal umboð hinna nýju fulltrúa gilda frá fyrstu samkomu þess þings, sem kemur saman eftir að þeir hafa verið tilnefndir.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 15. október 1953.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

63

6. nóv.

L Ö G

um heimild handa ríkisstjórninni til að taka lán hjá Framkvæmdabanka Íslands vegna alþjóðaflugþjónustu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni hjá Framkvæmdabanka Íslands allt að kr. 4 100 000.00 til þess að reisa stuttbylgjustöðvarhús á Rjúpnahæð, sem verði notað í þágu alþjóðaflugþjónustu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. nóvember 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.